



KPMG hf.  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang www.kpmg.is

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1097  
komudagur 26.2.2010

Reykjavík, 26. febrúar 2010.

**Efni:** Athugasemdir við frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki.

Neðangreindar athugasemdir eru settar fram í framhaldi af framlagningu þingskjals 294, 258. máls, 138. gr. löggjafarþings. Framangreint þingskjalinneheldur frumvarp til laga um breytingu á lögun nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

#### **Athugasemdir við 40. gr. frumvarpsins**

Í 40. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að 77. gr. núgildandi laga nr. 161/2002 falli brott í heild sinni. 77. gr. fjallar um vissar undanþágur sparisjóðanna hvað varðar lágmark stofnfjár. Enginn efast um og ekki er deilt um að fjármálafyrirtæki þurfi að vera sterk hvað eigið fé varðar. Hins vegar verður að hafa í huga að um þessar mundir stendur yfir endurskipulagning nokkurra sparisjóða, meðal annars með aðkomu Seðlabanka Íslands á grundvelli tillagna fjármálaeftirlits. Verði nefnd 77. gr. núgildandi laga felld brott mun endurskipulagning sparisjóðanna verða mun erfiðari og kallar á aukin fjárframlög úr ríkissjóði. Einnig er ljóst að brottfelling 77. gr. setur þá sparisjóði sem eru í ágætum rekstri og hafa yfir að ræða stofnfé sem uppfyllir núgildandi kröfur, í töluverðan vanda. Sé ekki talið forsvaranlegt að hafa núverandi 77. gr. óbreytta teljum við eðlilegt að þeim aðilum sem undir ákvæðið falla verði gefinn hæfilegur aðlögunartími, t.d. 5 ár til að bregðast við og laga sig að auknum kröfum. Ætla má að slíkur 5 ára frestur dugi viðkomandi aðilum til að laga eigið fé sitt að breyttum reglum. Í þessu sambandi skal einnig taka tillit til þess að lágmarks eigið fé verður eftir breytingar bundið ákveðinni fjárhæð í evrum og er gengi íslensku krónunnar gagnvart evru í sögulegu lágmarki nú um stundir.

#### **Athugasemdir við 41. gr. frumvarpsins**

Með 41. gr. frumvarpsins er meðal annars lögð til breyting á 5. mgr. núgildandi 84. gr. laganna. Helsta breytingin sem lögð er til er að frá eiginfjárþætti A skuli nú draga frá reiknaða skattinneign. rétt er að benda á að eignfærsla skattinneignar í reikningsskilum er háð því skilyrði að viðkomandi fyrirtæki geti sýnt fram á að það geti nýtt skatteignina í framtíðinni og því ljóst að slík eign á ekki að vera til staðar í reikningsskilum nema sýnt sé að hún nýtist raunverulega. Varðandi tilvísun í athugasemdum við frumvarpið til tilskipunar nr. 2006/48/EB, skal á það bent að tilskipunin gerir ráð fyrir að óefnislegar eignir (viðskiptavild) sé dregin frá eiginfjárþætti A, svo sem núgildandi 5. mgr. 84. gr. kveður á um. Skatteign er hins vegar ekki ein af þeim eignum sem draga skal frá samkvæmt tilskipuninni. Virðist því sem að með frumvarpinu sé verið að þrengja meira að íslenskum fjármálafyrirtækjum en framangreind tilskipun gerir ráð fyrir.

Samkvæmt 41. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögbundið verði að draga frá eigingjárþætti A núvirðingu skuldbindinga, sem leitt hafa til myndunar eigin fjár. Í athugasemdum við frumvarpið er til rökstuðnings vísað til 4. mgr. 64. gr. tilskipunar nr. 2006/48/EB, en tilvísunin ætti líklegast að vera í 4. tl. 64. gr. sömu tilskipunar. Tilgangur þessa ákvæðis er að öllum líkindum að lögfesta frádráttarskyldu þeirra fjármálastofnana sem núvirtu og eignfærðu vaxtahagræði lána frá ríkissjóði, lána sem veitt voru í

ársbyrjun 2009. Sé hins vegar tilvitnað ákvæði 4. tl. 64. gr. tilskipunar nr. 2006/48/EB skoðað virðist verulegum vafa undirorpið að samræmi sé milli þess og þeirrar reglu sem lagt er til að lögfesta.

**Athugasemdir við 42. gr. frumvarpsins**

Verði 42. gr. frumvarpsins lögfest fellur á brott núgildandi 2. mtl. 1. mgr. 85. gr. laga nr. 161/2002. Núgildandi ákvæði 2. mtl. 85. gr. laga nr. 161/2002, virðist eiga rætur sínar að rekja til ákvæða tilskipunar nr. 2006/48/EB og því ljóst að íslensk fjármálafyrirtæki munu búa við þrengri og meira íþyngjandi lagaramma en fjármálastofnanir í nágrannaríkjunum.

**Athugasemdir við 43. gr. frumvarpsins**

Með 43. gr. er lagt til að óheimilt verði að kjósa sama endurskoðanda oftari en fimm ár í röð. Að mati undirritaðs er setning þessa ákvæðis í raun óþörf. Stutt er síðan að ný lög um endurskoðendur, nr. 79/2008 tóku gildi. Í 3. mgr. 20. gr. þeirra er ákvæði sem kveður á um að endurskoðandi fyrirtækis sem tengt er almannahagsmunum skuli taka sé hlé eigi síðar en sjö árum eftir að honum var fallið verkið og yrðu þeir þar með að víkja í að minnsta kosti tvö ár. Framangreinda reglu hafa flestar þjóðir í Evrópu innleitt og er reglan almennt talin sanngjörn, en setning hennar á rætur sínar að rekja til tilskipunar Evrópusambandsins. Rétt er einnig að benda á að í bandaríkjunum var fallið frá fimm ára reglu og sjö ára regla tekin upp. Tíð skipti á endurskoðendum eru talin íþyngjandi og kostnaðarsöm, enda þurfa nýir aðilar að afla sér þekkingar á starfsemi fyrirtækisins.


Hvað varðar fjárhagslegt sjálfstæði endurskoðenda þá eru stærri endurskoðunarfyrirtækin sem almennt einna endurskoðun stærri fjármálafyrirtækja, það stór að fjárhagslegt sjálfstæði þeirra er tryggt nú þegar.

Í röksemdum með setningu ákvæðisins segir að hin nýja fimm ára regla muni leiða til vandaðri vinnubragða endurskoðenda, í því ljósi að þeir viti að aðrir endurskoðendur muni yfirfara verk þeirra að vissum tíma liðnum. Hér er rétt að áréttta að endurskoðendum ber svo sem hugtakið gefur til kynna, að yfirfara það sem fram hefur farið, staðfesta að fjárhagsupplýsingar séu réttar og skýrt sé frá því sem ber að upplýsa um í reikningsskilum félagsins sem um ræðir. Í framangreindu felst því einnig að endurskoðendum ber ekki að taka ákvarðanir um hvað eigi að gera og hvernig varðandi t.d. færslu bókhalds og samningu reikninga.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint umsögn þessi er send, en óskað er eftir því að hún verði tekin til skoðunar við umfjöllun þess máls er hún varðar. KPMG hf. er tilbúið að ræða framangreindar athugasemdir nánar sé eftir því óskað.

Virðingarfyllst,

**KPMG hf.,**



Jónas Rafn Tómasson  
lögfræðingur